

Oddný Sturludóttir borgarfulltrúi

Erindi á fjármálaráðstefnu sveitarfélaga 15. október 2010.

Kæru bræður og systur í sveitarstjórnnum!

Það er gott að vera með ykkur hér í dag. Við stöndum sannarlega frammi fyrir krefjandi verkefni. Þriðji umgangur af erfiðri fjárhagsáætlunargerð. Alls staðar er búið að hagræða, skera niður og búa þannig um hnútana að íbúarnir; börn og unglingar og þeir sem njóta félagsþjónustu sveitarfélaganna finni sem minnst fyrir því. Og í þessum sal eru allir meðvitaðir um að næsta ár verður það erfiðasta. „Verum raunsæ – þetta verður erfitt. En verum bjartsýn, þetta hefst.“ Nú veit ég ekki hvað þið tókuð vel eftir við setningu fjármálaráðstefnunnar í gær en þetta var bein tilvitnun í formann sambandsins, og honum mæltist vel þegar hann mælti þessi orð.

Ég naut þess heiðurs að leiða málstofu um velferðarþjónustu og skóla í erfiðu árferði á landsþinginu okkar á Akureyri um daginn og byggji mitt erindi á umræðunni sem þar skapaðist. Skólamálin brunnu þar á fólki hvað heitast og erindið ber keim af því.

Til að byrja með ætla ég að hrósa sveitarstjórnarfólki um allt land – og það er ærið tilefni til. Skólarnir okkar hafa verið sú skjaldborg sem við vonuðumst eftir, kannski sú skjaldborg sem styrkust hefur reynst á þessum erfiðu tímum. Kannanir sýna að börnum og unglingum líður vel í skólanum, ánægja foreldra vex og við eigum að vera rígmontin af þeirri staðreynd. Betri grunn að velferð er vart hægt að hugsa sér.

En ég ætla líka að leyfa mér að gagnrýna okkur sveitarstjórnarfólk. Við eigum það nefnilega til að einblína um of á skólamálin sem þungan fjárhagslegan bagga. Að við höfum verið svikin þegar við tókum við grunnskólanum frá ríkinu. Að þetta sé ómögulegt umhverfi, kostnaðarsamt og ósveigjanlegt.

Kæru félagar!

Leik- og grunnskólinn er fjöregg sveitarfélaganna, hjarta hvers samfélags. Við höfum sinnt skólunum vel og af natni og jú það kostar. Því minna sem sveitarfélagið er því meira kostar hann, en mikilvægi skólans sem stofnunar vex líka í réttu hlutfalli við stærð eða smæð sveitarfélaganna. Við eigum að vera stolt af því að bera ábyrgð á stefnumótun skólamála – skólinn er jöfnunartæki, hann mótar kynslóðir framtíðar, hann er þungamiðjan í tilveru barnanna okkar – og skólafólk hefur staðið sig sem hetjur við að verja börnin gegn áhrifum kreppunnar. Og þessi staðreynd er vegna okkar stefnu, okkar sem inni í þessum sal sitja. Börn fá bara eitt tækifæri til að njóta æsku sinnar í áhyggjuleysi. Og ég segi það og skrifa, og stend fyllilega við það – að skólinn hefur blómstrað í höndum sveitarfélaganna, enda erum við sérfræðingar í nærþjónustu.

Ég skora því á okkur að berja okkur á brjóst og vera stolt af íslenska skólanum. Í allri umræðu um dýran skóla en lítinn árangur samanborið við önnur lönd verður að taka með í reikninginn raunverulegt gildi hlutanna og hvað er verið að mæla og telja. Húsnæði á Íslandi er fínna en annars staðar. Bráðabirgðahúsnæði skóla í nýjum hverfum í Reykjavík er mun fínna en varanlegt húsnæði bestu skóla í Evrópu. Í skólum á Íslandi er víða eldaður heitur matur, dægradvöl og frístundastarf er inni í skólunum, við störfum eftir hugmyndafræði um skóla án aðgreiningar og allt vegur þetta þungt þegar starfsmannahald og kostnaður er skoðaður og lagður á alþjóðalegar vogarskálar.

Gleymum því ekki heldur að viðhorf samfélagsins til menntunar og skólustarfs skiptir jafn miklu máli þegar við horfum á árangur barna og unglinga – börn verða ekki til í skólanum, þau koma í skólann með viðhorf foreldra sinna og samfélagsins í nesti. Það nesti skiptir mestu fyrir velferð og framfarir barna.

Á landsþinginu skynjaði ég margvíslegar áhyggjur. Sveitarstjórnarfolk hefur brennandi metnað fyrir hönd skóla og félagsþjónustu en telur sig oft bundið í báða skó vegna regluverks sem við höfum lítil áhrif á. Þróun síðustu ára og áratuga er í átt til skapandi skólustarfs og sveigjanleika. En hvernig vinnur kjarauhverfið með þeirri þróun? Hvernig vinnur lagaumhverfið með þeirri þróun? Og hvernig vinnum við sveitarstjórnarfolk með regluverkinu? Ég skynja það sterkt að sveitarstjórnarfolki þykja kjarasamningar kennara vera hindrun. En höfum við ýtt undir að skólar taki t.d. upp bókun 5 sem sannarlega opnar á sveigjanleikann í skólustarfi? Að mínu viti eru tilraunir á borð við bókun fimm til þess fallnar að styðja við þjónustu og skólustarf sem hentar íbúum hvers svæðis. Það er í okkar höndum.

Fyrst og fremst eigum við að hugsa til þess að þjónustan og þarfir nemenda og íbúa komi á undan kjarasamningum.

Og það eru tækifæri í núverandi kerfi – við megum ekki festast í hindrunum og kenna stífu regluverki um allt sem okkur mislíkar. Við getum hætt að hugsa í niðurskurði, hugsum í uppskurði og uppstokkun. Ef einhvern tímann hefur verið lag – þá er það núna. Og ég hvet okkur til að sjá möguleikana í fjölbreyttu samstarfi ólíkra starfsstétta, faglegum sprengikrafti sem getur leyst úr læðingi alls konar tilraunir, betri nýtingu fjármagns, starfsfólks og húsnæðis. Hér er ég að tala um samrekstur og sameiningu skóla, bæði leik og grunnskóla, bætum við frístundinni eða dægradvölinni, hugsum þvert á skólastig, endurhugsum mótuneytin, nýtum okkur sveigjanleikann í nýrri aðalnámskrá. Okkur eru flestir vegir færir.

En auðvitað eigum við að eiga okkar skilaboð inn í kjaraviðræður. Ég sat foreldraþing SAMFOK í gær. Þar sátu fulltrúar foreldrafélaga og höfðu jafn skýrar og sterkar skoðanir á kjarasamningum kennara og við hér. SAMFOK er með sín skilaboð til kennarasambandsins og ég skil þeirra skilaboð á sama hátt og ég skil skilaboð sveitarstjórnarfólks: Við þurfum meiri sveigjanleika. Að samningar verði einfaldaðir og opnaðir þannig að þeir styðji betur við skólustarfið og auðveldi

stjórnendum og kennurum – okkar flottu kennurum sem vilja fara skapandi og sveigjanlegar leiðir – að skipuleggja sinn starfsdag, börnunum og skólastarfinu til hagsbóta. Ekki eingöngu til hagræðingar, heldur líka til faglegrar framþróunar. Það er afleitt ef sveitarfélög geta ekki farið nýjar og spennandi leiðir með rekstur skóla og annarrar þjónustu vegna regluverks. En það er líka afleitt ef við sveitarstjórnarfólk berum regluverkið fyrir okkur því það er sannarlega svo margt sem við getum gert hvað sem regluverkinu líður.

Lagaramminn er svo annað mál. Við verðum að geta sest saman við borð, allir hagsmunaaðilar skólastarfs, og rætt í einlægni fortíð, nútíð og framtíð. Getum við litið á það sem tækifæri til betra og markvissara skólastarfs að breyta lögum um fjölda skóladaga? Eigum við að leggja mat á hvort sé betra að slíta blómin eitt af öðru úr garðinum svo eftir standi litlaus reitur í órækt – eða eigum við að breyta skipulagi garðsins, minnka hann tímabundið en hafa hann blómlegan? Ég hef ekki svörin hér á reiðum höndum. En við verðum að ná sátt um þessi mál og hafa á þeim sameiginlegan skilning. Traust í því sambandi er lífsnauðsynlegt.

Kæra sveitarstjórnarfólk!

Missum ekki sjónar á mikilvægi þjónustunnar sem íbúum okkar þykir vænst um og við byggjum okkar velferð á. Verum djörf og þorum að breyta kerfinu svo það þjóni okkar íbúum betur. Það er djárfur leikur að taka yfir verkefni frá ríkinu á niðurskurðartímum og við höfum öll áhyggjur af því. En við höfum þær áhyggjur því við höfum metnað til að gera vel. Ég hef hins vegar engar áhyggjur af því að okkur mistakist – því nærþjónusta er okkar fag.

„Verum raunsæ – þetta verður erfitt. Verum bjartsýn, þetta hefst“. Ég ætla að bæta við: Verum kjörkuð – og þorum að breyta. Stöndum saman og verum stolt af okkar miklu ábyrgð. Fáum íbúana og starfsfólkið með okkur í lið, gerum við það samning um að reima upp í háls og standa með okkur næstu erfiðu misseri. Hver veit nema við lítum til baka eftir nokkur ár og sjáum að djörf uppstokkun í krafti hagræðingar og erfiðrar stöðu í efnahagsmálum íslensku þjóðarinnar leiddi af sér betri skóla, betri félagsþjónustu og betra samfélag?

Ég hlakka til að takast á við áskoranir næstu ára með ykkur kærur bræður og systur. Gangi okkur öllum vel.